

Ár 2014, fimmtudaginn 16. október kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

- 1.1. **Forsætisráðuneytinu frá 10. október 2014.**  
Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu um framkvæmd verðhækkana á opinberum gjaldskrá.  
Bæjarstjóra falið að svara erindinu.
- 1.2. **Félagi tónlistarkennara frá 9. október 2014.**  
Með bréfinu fylgdu ályktanir frá annars vegar samstöðufundi sem haldinn var í húsnæði Ríkissáttasemjara 7. október 2014 og hins vegar frá fundi sex svæðisþinga tónlistarskóla frá 12.-19.september.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Skógræktarfélagi Íslands frá 6. október 2014.**  
Með bréfinu fylgdi ályktun frá aðalfundi Skógræktarfélags Íslands frá 15.-17. ágúst um að nýta lúpínubreiður til skógræktar.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.4. **Sýslumanninum á Selfossi frá 6. október 2014.**  
Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Kristínar Gísladóttur um leyfi til reksturs gististaðar í flokki I, að Hraunbæ 51 í Hveragerði.  
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsókn Kristínar f.h. Áshamars ehf um rekstur gististaðar í flokki I. heimagistingu.  
Þar sem leigusali er með lögheimili í húsinu og hefur þar búsetu þegar umrædd starfsemi fer þar fram er staðsetningin innan þeirra marka sem skipulag sveitarfélagsins kveður á um.
- 1.5. **Iceland Panorama frá 18. september 2014.**  
Í bréfinu er kynnt starfsemi Iceland Panorama sem styður fjölmenningsleg og fjölpjódlegt samfélag.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.6. **Skátafélaginu Stróki frá 1. október 2014.**  
Í bréfinu óskar skátafélagið eftir að fá skógarlund undir Hamrinum í fóstur.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur umhverfisfulltrúa að útfæra hugmyndina í samvinnu við skátana.

1.7. **Markaðsstofu Suðurlands frá 8. október 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir framlengingu á samstarfssamningi Hveragerðisbæjar við Markaðsstofu Suðurlands.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar.

1.8. **Hagstofu Íslands frá 14. október 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir athugasemdum við talningarsvæði vegna manntals 2011 ef einhverjar eru.

Hveragerðisbær gerir ekki athugasemdir við svæðin.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Minnisblað frá Skipulags- og byggingarfulltrúa frá 9. október 2014 v/ varaafstöðvar.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa vegna kaupa Vatnsveitu Hveragerðisbæjar á varaafsstöð m.t.t. almannahagsmuna og öryggis íbúa ef til alvarlegra truflana eða straumrofs kemur í raforkukerfinu.

Bæjarráð samþykkir að Vatnsveita Hveragerðis kaupi varaafsstöð.

2.2. **Umsókn um styrk v/ Bókabæjanna austanfjalls.**

Lagt fram bréf frá Bókabæjunum austanfjalls þar sem óskað er eftir styrk til félagsins til að kosta starfsmann á árinu 2015.

Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar.

3. **Verkfundargerðir:**

3.1. **Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 13. október 2014.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. **Fundargerðir til kynningar:**

4.1. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 3. október 2014.

4.2. Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 26. september 2014.

4.3. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 8. október 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:43

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)